

**116. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
5. nóvember 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1910172 - Tónlistarskóli- Þjóðlagasveitin**

Erindi frá skólastjóra Tónlistarskóla Akraness.

*Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri Tónlistarskóla Akraness situr fundinn undir þessum lið.*

*Í dag greiðir Tónlistarskólinn andvirði 35% stöðu til Þjóðlagasveitarinnar án þess að meðlimir sveitarinnar tilheyri skólanum og greiða því ekki skólagjöld.*

*Skóla- og frístundaráð vill veg Þjóðlagasveitarinnar sem mestan en telur að núverandi fyrirkomulag þarfnist endurskoðunar.*

*Skóla- og frístundaráð vísar því til skólastjóra og sviðsstjóra að vinna að nýju fyrirkomulagi og kynni það fyrir ráðinu.*

**2. 1910178 - Tónlistarskóli- samningur við Borgarbyggð**

Erindi frá skólastjóra Tónlistarskóla Akraness vegna munnlegs samnings við Borgarbyggð.

*Jónína Erna situr áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir erindi skólastjóra Tónlistarskólans.*

**3. 1908317 - Starfshópur um byggingu leikskóla**

Kynning á stöðu undirbúnings fyrir byggingu nýs leikskóla.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Karli Jóhanni Haagensen fyrir kynningu á framvindu í undirbúningi byggingu nýs leikskóla.*

**4. 1910193 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

TRÚNAÐARMÁL

*Afgreitt og vísað til bæjarráðs.*

**5. 1910192 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

TRÚNAÐARMÁL

*Afgreitt og vísað til bæjarráðs.*

**6. 1910208 - Björgunarfélag - styrktar- og samstarfssamningur.**

Erindi frá Björgunarfélagi Akraness.

*Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.*

**7. 1901197 - Skátafélag Akraness - þjónustusamningur**

Erindi frá Skátafélagi Akraness

Skóla- og frístundaráð þakkar erindið og vísar því til sviðsstjóra til frekari úrvinnslu.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.**

Báre Dáscdóttir  
Ragnar Samundsson  
Sandra M. Sigurjónsdóttir  
Friðbjörg Sigvaldadóttir